


Alþingi  
Erindi nr. P 133/1184  
komudagur 23.2.2007



## Persónuvernd

Rauðarárstíg 10 105 Reykjavík  
sími: 510 9600 bréfasími: 510 9606  
netfang: postur@personuvernd.is  
veffang: personuvernd.is

Alþingi  
Heilbrigðis- og trygginganefnd  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 20. febrúar 2007

Tilvísun: 2007020162 PS/--

Persónuvernd vísar til bréfs heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis, dags. 12. febrúar 2007, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 55/1996 um tæknifrjóngun (þskj. 799, 530. mál, 133. löggjafarþing). Lýtur frumvarpið að heimildum til notkunar á fósturvísnum manna til stofnfrumurannsókna og svonefndum kjarnaflutningi (einræktun) í sama skyni.

Í 3. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að bætt verði þremur nýjum málsgreinum við 10. gr. laganna, segir að fósturvísnum megi aðeins ráðstafa til vísindarannsókna að fengnu upplýstu samþykki beggja kynfrumugjafa. Þá kemur þar einnig fram að upplýsingar um uppruna stofnfrumu skulu dulkóðaðar og aðeins afkóðaðar þegar hagsmunir kynfrumugjafa eða brýnir rannsóknarhagsmunir krefjast þess og að fengnu samþykki vísindasiðanefndar. Skuli þá aðeins þeir starfsmenn leyfishafa, sem þess nauðsynlega þurfa, hafa aðgang að upplýsingunum.

Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins, þar sem lagt er til að ný 13. gr. bætist við lögin, á ávallt að þurfa samþykki vísindasiðanefndar, eggfrumugjafa og þess sem erfðæfni kemur frá til að framkvæma kjarnaflutning í framangreindum tilgangi. Tilgreind eru ýmis nánari skilyrði fyrir slíku, þ. á m. að eggfrumu, sem kjarnaflutningur hefur verið framkvæmdur á, skuli eytt að 14 dögum liðnum eða eftir að frumurákin kemur fram, þ.e. taugakerfi byrjar að þroskast.

Ljóst er að frumvarpinu tengjast margvísleg siðfræðileg álitæfni. Persónuvernd fjallar hins vegar aðeins um frumvarpið út frá sjónarmiðum um vernd persónuupplýsinga. Í ljósi framangreindra ákvæða gerir Persónuvernd ekki athugasemdir við efni þess.

Virðingarfyllt  
f.h. forstjóra Persónuverndar

Þórður Sveinsson